



Sjósetning í veðrahléi



Mánudaginn síðasta var spáð leiðinda veðri á Vesturlandi, allhvassri sunnanátt og snjókomu. Veðrið hafði þó ekki mikil áhrif á starfsmenn Smiðjunnar Fönix en yfir miðjan daginn gerði stillu

um tíma við Rifshöfn og tækifæri gafst til að koma Bíldsey SH á flot. Unnið var við lagfæringar á bátnum eftir að lásar höfðu festst í bógskrúfunni en nú þegar hann er klár var gámalyftari Smiðjunn-

ar Fönix notaður til sjósetningar sem fest voru kaup á síðastliðið vor. Í viðtali við Davíð Magnússon þegar kaupin voru gerð sagði hann að það mætti búast við að lyftarinn tæki allt að 40 tonn.

Bíldsey er þyngsti báturinn sem hefur verið tekinn með gámalyftaranum hingað til, 38 tonn að þyngd.

sj



Vissir þú að samstarfsnefnd, sem sveitarstjórnir Eyja- og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar skipaði, hvetur til sameiningar í álitinu um kosti og galla sameiningar sveitarfélaganna?

Nánar á snaefellingar.is

SNÆFELLINGAR

Gjöf til Sjómannagarðsins



Nú fyrir skömmu var Sjómannagarðinum í Ólafsvík færð rausnarleg peningagjöf.

Það voru hjónin þau Kristín Vigfúsdóttir og Björn Erlingur Jónasson fv. eigendur Valafells ehf. í Ólafsvík sem það gerðu.

Á gjafabréfinu stendur: „Með gjafabréfi þessu færir Valafell ehf. Sjómannagarði Ólafsvíkur kr. 1.000.000 að gjöf í minningu um

Jónas Ellert Guðmundsson skipstjóra fæddur 3. mars 1930 dáiðinn 27. maí 2015. Er það von okkar að gjöf þessi nýtist sem best”

Á myndinni er til hægri Björn Erlingur Jónasson og Pétur Steinar Jóhannsson sem tók við gjafabréfinu og færði hann þeim bestu þakkir fyrir hönd sjómanna í Ólafsvík.



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímamantanir í síma 436-1111



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift í Snæfellsbæ og Grundarfirði,

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 1.000

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

ÞORRABLÓTI UTAN

ENNIS 2022

AFLÝST



ENN ÞAR SEM VIÐ

SJÁUM LJÓS VIÐ

ENDA GANGANNA ÞÁ

SKELLUM VIÐ TIL

GÓUGLEÐI

MEÐ TILHEYRANDI

POMPI OG PRAGT...

MAT FRÁ SKER...

LEIKSÝNINGU...

OG BALLI...

NÁNAR

AUGLÝST

SÍÐAR

MEÐ FYRIRVARA

UM PLÖN

SÖTTVARNAR

YFIRVALDA

26.FEBBRÚAR 2022

TAKIÐ DAGINN FRÁ!!

Til foreldra og nemenda Tónlistarskóla Snæfellsbæjar

Kæru íbúar.

Eins og allir vita geisar Covid í heiminum. Í svona ástandi getur kennsla riðlast. En með góðu skipulagi og skilningi foreldra og nemenda gengur skólastarfið ágætlega eins og er. Áætlanir um skólastarf hafa staðist hingað til.

Í tilefni dags tónlistarskólanna í febrúar verða tónfundir með

eðlilegum hætti. Svo í mars og apríl verða vorpróf og í maí vor-tónleikar.

Við viljum þakka ykkur fyrir þolinmæðina. Vonandi lagast ástandið fljótlega og lífið snýst til betri vegar.

*Með bestu kveðjum,
skólastjóri og kennarar
Tónlistarskóla Snæfellsbæjar*

ÓLAFSVÍKUR- OG
INGJALDSHÓLSPRESTAKALL
kirkjanokkar.is



Fjölskylduguðsþjónusta í Ólafsvíkirkirkju

verður á sunnudag klukkan 11.
Í senn guðsþjónusta og sunnudagaskóli.

Kjörskrár vegna sameiningarkosninga 19. febrúar 2022

Þann 19. febrúar nk. fara fram kosningar um tillögu að sameiningu Eyja- og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar.

Kjörskrár liggja frammi á skrifstofum hlutaðeigandi sveitarfélaga öllum almenningi til sýnis á almennum skrifstofutíma frá 5. febrúar fram að kjördegi. Athugasemdir við kjörskrá skal send hlutaðeigandi sveitarstjórn.

Í lögum um kosningar til sveitarstjórnar nr.5/1998 segir m.a:

Sveitarstjórn skal þegar taka til meðferðar athugasemdir er henni berast vegna kjörskrár og gera viðeigandi leiðréttingar á henni. Slíka leiðréttingu má gera fram á kjördag. Óheimilt er að breyta kjörskrá ef tilkynning um nýtt lögheimili hefur ekki borist Þjóðskrá Íslands fyrir þann tíma er greinir í 5. gr.

Sveitarstjórn skal enn fremur fram á kjördag leiðrétta kjörskrá ef henni berst vitneskja um andlát eða um að einhver hafi öðlast, eftir atvikum misst, íslenskt ríkisfang.



Gísli Súrsson GK dreginn til hafnar

Björgunarbáturinn Björg sótti línubátinn Gísli Súrsson GK á síðasta laugardag. Var Gísli Súrsson GK staddur 15 mílur norður af Rífi þegar hann fékk trollstykki upp með línunni sem endaði í skrúfunni en hann rær með beitingavél. Vegna þessa varð báturinn vélarvana og þurfti aðstoð í land og leituðu skipverjar því til Björgunarsveitarinnar Lífsbjargar. Björgin fór frá Rífi til aðstoðar og gekk heimferðin vel, veður ágætt en þó kaldt og

öldugangur, komið var til hafnar rúmlega fimm síðdegis þar sem skorið var úr skrúfunni og var hægt að halda til veiða aftur um kvöldið. Áður en óhappið varð höfðu skipverjar verið búnir að draga um helming línunnar og var sá afli góður. Gísli Súrsson landaði svo í Ólafsvík morguninn eftir þegar þeir höfðu dregið restina af línunni og lönduðu þeir 14,6 tonnum.

þa



Íbúafundur vegna sameiningaviðræðna

Íbúafundur um mögulega sameiningu Snæfellsbæjar og Eyja- og Miklaholtshrepps fór fram á Zoom 27. janúar síðastliðinn. Rúmlega 50 manns mættu raf-rænt á fundinn en þar var farið yfir núverandi stöðu verkefnisins og þá framtíðarsýn sem samstarfsnefndin hefur lagt fram fyrir sameinað sveitarfélag. Róbert Ragnarsson, verkefnastjóri, fór ítarlega yfir framtíðarsýn stjórn-

ssýslu, skólamála og umhverfis- og skipulagsmála mögulega sameinaðs sveitarfélags auk þess sem hann rýndi í fjármálin. Þá fór hann yfir hvort sveitarfélagið myndi standa undir afborgunum langtímalána, hvort það stæðist skuldareglu og jafnvægisreglu. Hægt er að horfa á fundinn og skoða kynningarglærur Róberts á vefsíðu verkefnisins, www.snæfellingar.is.

Utankjörfundar atkvæðagreiðsla er hafin hjá sýslumönnum um allt land en þann 19. febrúar fara svo fram kosningar um tillögu að sameiningu Eyja- og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar. 83 einstaklingar eru á kjörskrá í Eyja- og Miklaholtshreppi og í Snæfellsbæ eru 1.174 á kjörskrá. Kjörskrár liggja frammi á skrifstofum hlutaðeigandi sveitarfélaga öllum almenningi til sýnis

á almennum skrifstofutíma frá 5. febrúar fram að kjördegi. Allir íbúar sveitarfélaganna sem náð hafa 18 ára aldri hafa kosningarétt, ríkisborgarar norðurlandanna sem hafa átt lögheimili í sveitarfélögunum í þrjú ár samfellt fyrir kjördag og aðrir erlendir ríkisborgarar sem hafa átt lögheimili í sveitarfélögunum í fimm ár samfellt fyrir kjördag.

sj

Snæfellingismótaröðin að hefjast



Nú er komið að því að við í hesteigendafélaginu Hring, byrjum Snæfellingismótaröðina í ár og verður mótið haldið laugardaginn 5. febrúar kl 16. Mótið er það fyrsta af fjórum og verður næst keppt í Söðulsholti 13. febrúar, Stykkishólmi 12. mars og Grundarfyrði 14. apríl.

Keppt verður í þriggangi og eru flokkarnir eftirtaldir:
Pollaflokkur. frjáls aðferð teymt eða sjálf
10-13 ára. tölt-frjáls ferð-brokk-fet.
14-17 ára. tölt-frjáls ferð-brokk-fet
Minna vanir. tölt-frjáls ferð-brokk-fet.

Meira vanir. hægt tölt-greitt tölt-

-brokk.

Knapar safna með sér stigum í gegnum mótið og verður sá stiga-hæsti verðlaunaður í lok móts.

Þessar mótaröðir hafa gengið mjög vel og það sérstaklega með tilkomu hinna glæsilegu reiðhalla á svæðinu.

Í lokin viljum við bjóða áhorfendur velkomna að koma og kíkja á okkur og horfa á keppni.

Það verður grímuskýlda og byðjum við alla að gæta að persónulegum sóttvörnum.

kveðja

Hesteigendafélagið Hringur.



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Aflafréttir

Góð veiði var dagana 24. til 30. janúar í höfnum Snæfellsbæjar en alls komu á land 1544 tonn í 99 löndunum þessa daga. Ekkert var landað á Arnarstapa en í Rífs-höfn var landað 883 tonnum í 50 löndunum og 661 tonni í Ólafsvíkurböfn í 49 löndunum. Þessa daga lönduðu tveir handfærabátar 2 tonnum í 2 löndunum einnig lönduðu tveir netabátar og landaði Bárður SH 93 tonnum í 6 og Ólafur Bjarnason SH 61 tonni í 5 löndunum. Hjá dragnóta bátunum landaði Magnús SH 64 tonnum í 3, Saxhamar SH 62 tonnum í 4, Steinunn SH 60 tonnum í 3, Matthías SH 44 tonnum í 3, Rífsari SH 43 tonnum í 3, Esjar SH 37 tonnum í 4, Egill SH 27 tonnum í 3, Guðmundur Jensson SH 23 tonnum í 2 og Sveinbjörn Jakobs-son SH 16 tonnum í 1 löndun. Línu bátarnir voru fyrirferðamiklir þessa daga eins og svo oft áður hjá stóru línubátunum landaði Valdimar GK 172 tonnum í 2, Rífs-nes SH 100 tonnum í 1, Tjaldur SH 86 tonnum í 1, Hamar SH 63 tonnum í 3 og Örvar SH 59 tonn-

um í 1 löndun. Hjá litlu línubátunum landaði Tryggvi Eðvarðs SH 72 tonnum í 5, Særif SH 61 tonni í 5, Gullhólmi SH 51 tonnum í 4, Stakkhamar SH 41 tonni í 4, Kvikka SH 40 tonnum í 4, Lilja SH 39 tonnum í 4, Bíldsey SH 35 tonnum í 4, Brynja SH 33 tonnum í 4, Gísli Súrsson GK 30 tonnum í 2, Signý HU 19 tonnum í 3, Rán SH 18 tonnum í 3, Hjördís HU 17 tonnum í 3, Sverrir SH 9 tonnum í 2 og Þerna SH 1 tonni í 1 löndun.

Alls komu á land 719 tonn í 12 löndunum í Grundarfjarðarhöfn þessa sömu daga. Netabáturinn Kap II VE landaði 124 tonnum í 3 löndunum og Birta SH sem gerð er út á línu landaði 2 tonnum í 1 löndun. Hjá botnvörpu bátunum landaði Harðbakur EA 139 tonnum í 2, Viðey RE 133 tonnum í 1, Akurey AK 132 tonnum í 1, Run-ólfur SH 56 tonnum í 1, Sigur-borg SH 56 tonnum í 1, Farsæll SH 44 tonnum í 1 og Hringur SH 33 tonnum í 1 löndun.

þa

FISKMARKAÐUR ÍSLANDS

Sími: 430 3700
www.fmis.is



Getraunir 1X2

Síðasta laugardag urðu dálítið skritin úrslit að mati sérfræðinganna, enda náðu þeir aðeins 9 réttum úrslitum. Á seðlinum voru lið, sem þeir könnuðust ekkert við og notuðu það sem afsökun! Næsti seðill (á laugardaginn kemur) verður með á leikjum í ensku bikarkeppninni, sem gerir mjög spennandi að tippa, því þá eru oft efri deildir liðin að keppa lið úr neðri

deildunum, sem leggja allt í sölnar til að ná óvæntum úrslitum. Ein röð kostar sem fyrir 15 krónur og mjög vinsælt hefur verið að vera með 64 möguleika, sem kosta 960 krónur. Við verðum að sjálfsgöðu á laugardaginn í Áttagastofunni á milli kl. 11.00 og 12.00 og kaffið verður að sjálfsgöðu á könnunni.

Áfram Víkingur



Jóganámskeið með Gunnhildi

hefst 8. febrúar til 3. mars
á þriðjudags og fimmtudagsmorgnum frá 10 til 11
í Íþróttahúsinu í Ólafsvík.

Verð 14.000,-

Skráning í síma 899 1180

Snæfellsbær

Já, það er mikilvægt að skoða stöðuna í sveitarfélaginu á hverjum tíma og það er mikilvægt að spyrja og fá svör við spurningum þess vegna ætla ég að leggja nokkrar spurningar fyrir bæjarstjórnafólk og vænti svara í Jökli.

1. Hver kom með þá fáránlegu hugmynd í upphafi að sameina Snæfellsbæ Eyja- og Miklaholtshrepp
2. Samþykktu allir bæjarfulltrúar Snæfellsbæjar tillögu um að fara í viðræður um sameiningu?
3. Hvað telja bæjarfulltrúar unnið fyrir okkur íbúa í bæjarfélaginu að sameinast?
4. Könnuðu íbúar Eyja- og

Miklaholtshrepps vilja skólayfirvalda í SNB til vistunnar barna sinna í SNB síðastliðið skólaár, áður en þeir fóru með börn í Borgarnes og Stykkishólm? Ef ekki hvers vegna er þá áhugi fyrir sameiginlegum skóla núna?

5. Finnst bæjarfulltrúum ekki nóg fyrir 17-1800 manna samfélag að reka þrjá grunnskóla þrjá leikskóla og fjögur félagsheimili, þannig að viðhald og rekstur sé viðunandi?
6. Er ekki full ástæða til að ljúka viðhaldi og endurbótum á fasteignum Snæfellsbæjar, áður en tekið er við fleiri stórum viðhalds og uppbyggingar verkefnum.

kefnum.

7. Hvaða atvinnutækifæri getum við íbúarnir á utanverðu Snæfellsnesi átt von á að fá í viðbót við þau sem fyrir eru með sameiningu?
8. Hvaða þjónustu búast bæjarstjórnarmenn við að íbúar Eyja- og Miklaholtshrepps sækji til Snæfellsbæjar?
9. Ef ríkið ætlar að greiða 593 m. kr eingreiðslu, framlag vegna sameiningarinnar, hvað telst bæjarstjórnarmönnum þá til að það nái langt til reksturs og jafnvel byggingar nýs skóla á sunnaverðu Nesinu? Sagt var frá þessari hugmynd í fréttum

um skólalaping s.l. fimmtudag?

Þetta eru spurningarnar sem ég vil fá svör við.

Vissulega er gott að búa í samfélagi sem getur brugðist við þegar bjátar á hjá öðrum sveitarfélögum, en mín skoðun á því máli er það sé ekki sveitafélaganna heldur ríkisins að gera fólk kleift að búa í og reka sveitafélög sem eiga í erfiðleikum. Í viðbót við þetta má benda á að landfræðilega þjónustulegar aðstæður eins og í okkar tilfelli eru engan vegin þannig að sameining geti talist eðlileg.

Jenný Guðmundsdóttir

Svör við spurningum Jennýjar

Jenný Guðmundsdóttir varpar fram 9 tölusettum spurningum undir fyrrisögninni Snæfellsbær í þessu tölublaði Jökuls og óskar eftir svörum bæjarfulltrúa í Snæfellsbæ. Undirrituð geta ekki svarað fyrir alla bæjarfulltrúa, en sem fulltrúar Snæfellsbæjar í Samstarfsnefndinni er sjálfsgagt að veita svör.

Við munum ekki endurtaka allar þær spurningar sem komu fram, en hvetjum lesendur til að lesa grein Jennýjar. Í upphafi viljum við samt taka það fram að það er hlutverk bæjarfulltrúa að horfa til framtíðar og leitast við að gera sitt besta til að styrkja samfélagið sem heild.

Markmið stjórnvalda hefur undanfarið verið að hvetja til sameiningar sveitarfélaga, að hvetja til stærri sveitarfélagaeininga með það að leiðarljósi að sveitarfélög á Íslandi verði öflug og sjálfbær vettvangur lýðræðislegrar starfsemi.

Bæjarráð Snæfellsbæjar, í samræði bæjarstjórnar, samþykkti samhljóða á fundi sínum þann 1. september 2021, að ganga til viðræðna við Eyja- og Miklaholtshrepps. Þegar bæjarstjórn kom svo saman til fundar eftir samræði þann 14. september 2021, var fullur stuðningur við samþykkt bæjarráðs. Sú ákvörðun hef-

ur reynst vel og hafa viðræður við nággranna okkar verið gagnlegar og ánægjulegar.

Við sem samfélag þurfum að hafa það í huga að okkar metnaður þarf að ná yfir bæði dreifbýli og þéttbýli. Í þessum sameiningarviðræðum teljum við að verið sé að sýna metnað fyrir því að í sveitarfélaginu okkar sé hvoru tveggja sterkt þéttbýli og sterkt dreifbýli.

Það má ekki gleymast að rekstur Eyja- og Miklaholtshrepps, líkt og rekstur Snæfellsbæjar, hefur verið jákvæður um langa hríð og við sameiningu sveitarfélaganna leggjast saman tekjur beggja sveitarfélaga. Það eru því tvö vel rekin sveitarfélög í þessum sameiningarviðræðum.

Enn hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvernig tæplega 600 m.kr. sameiningarframlag úr Jöfnunarsjóði verður nýtt, enda er það ákvörðun nýrrar sveitarstjórnar ef sameining verður samþykkt. Það er óumdeilt að þeir peningar munu nýtast samfélaginu vel.

Að okkar mati er margvíslegur annar ávinningur en fjárhagslegur af sameiningu sveitarfélaganna, eins og kemur fram í álit samstarfsnefndar. Það er álit nefndarinnar að sameining muni skapa forsendur til að byggja upp öfl-

ugt skólastarf og styrkja samfélagið á sunnanverðu Snæfellsnesi. Að mati nefndarinnar yrði sameining sveitarfélaganna til þess að samfélagið í dreifbýlinu verði sterkara í frekari sameiningarviðræðum framtíðarinnar.

Vinna nefndarinnar hefur sýnt að rekstur sveitarfélagsins myndi styrkjast og fjárfestingageta myndi aukast. Það verða að líkindum ekki miklar breytingar fyrir íbúa á utanverðu Nesinu við sameiningu sveitarfélaganna, en hins vegar teljum við að ferðalþjónusta á svæðinu muni styrkjast til muna við sameiningu sveitarfélaganna og slíkt hefur að sjálfsögðu áhrif á alla atvinnustarfsemi á svæðinu, bæði í dreifbýlinu og þéttbýlinu, eins og við þekkjum. Þar að auki teljum við að aukið svigrúm til fjárfestinga muni gagnast öllum íbúum.

Þeir íbúar sem hafa tekið þátt á samráðsfundum og skólalapingi hafa hvatt mjög eindregið til þess að á sunnanverðu Nesinu verði einn öflugur leik- og grunnskóli. Nefndin er að vinna í samræmi við þann vilja.

Við viljum áréttta að Snæfellsbær rekur einn grunnskóla með þrjá kennslustaði og einn leikskóla með tvo kennslustaði, auk leikskólalæsi við Lýsuhólsskóla. Ekki þrjá grunnskóla og þrjá leikskóla. Jafnframt rekur Snæfellsbær ekki fjögur félagsheimili, heldur tvö norðan heiðar og félagsheimili á Lýsuhóli sunnan heiðar, en það gegnir jafnframt hlutverki skólalæsi yfir vetrarmánuðina.


Sameinað sveitarfélag mun hafa góða burði til að sinna þjónustu við íbúa og rekstri þeirra eigna sem verða í umsjá sameinaðs sveitarfélags. Snæfellsbær sinnir viðhaldi og endurbótum á sínum fasteignum í samræmi við viðhaldsáætlanir og samþykktu fjárhagsáætlun hverju sinni. Sameinað sveitarfélag mun án efa gera slíkt hið sama.

Allir íbúar í núverandi Eyja- og Miklaholtshreppi og Snæfellsbæ verða íbúar í sameinuðu sveitarfélagi, ef tillagan verður samþykkt. Íbúar í núverandi Eyja- og Miklaholtshreppi munu til að mynda fá skólalþjónustu, þjónustu skipulags- og byggingafráfartrúa og sorphirðu innan sveitarfélagamarkna. Allir íbúar í sveitarfélaginu geta sótt verslun, þjónustu og heilbrigðisþjónustu hvert sem þau vilja.

Það þarf ekki að vera beinn ávinningur fyrir hvern og einn íbúa af sameiningu. Áhrifin geta verið óbein og komið fram yfir lengri tíma. Eins og fyrr segir, þá teljum við að verið sé að vinna að sterkari framtíðarsýn fyrir allan Snæfellsbæ með þessum sameiningarviðræðum.

Að lokum viljum við hvetja íbúa Snæfellsbæjar til að kynna sér sameiningarmálin. Það er mikið efni á vefsíðunni snaefellingar.is, bæði upplýsingar og svör við spurningum sem sameiningarnefndinni hafa borist. Göngum upplýst til kosninganna þann 19. febrúar n.k.

Björn H Hilmarsson
Júníana Björg Óttarsdóttir



Á heimasiðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Þétur Kristinsson hdl.
lögiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Snæfellsbær í nútíð og framtíð

Í síðasta tölublaði Jökuls skrif- aði Óðinn Pétur Vigfússon ágæta grein og kallaði þar á meðal eftir framtíðarsýn Snæfellsbæjar.

Þetta er þörf og góð áminning og því er okkur bæði ljúft og skylt að fara nokkrum orðum um okkar framtíðarsýn fyrir Snæfellsbæ og hvað við höfum verið að gera í þeim málum.

Rétt er að minna á að í Snæfellsbæ er starfandi markaðs- og kynningarfylltrúi í fullu starfi sem sér um að kynna sveitarfélagið. Við höldum úti heimasíðu, fésbókarsíðu og Instagram síðu, allt til þess að ná til fólks. Við erum einnig aðilar að Markaðsstofu Vesturlands sem heldur úti öflugum kynningarstarfi fyrir Vesturland svo eitthvað sé nefnt.

Alltaf er hægt að gera betur í að upplýsa hvað sé í gangi í bæjarfélaginu, hjá sveitarfélaginu, atvinnulífi og almenningi og ætlum við því að bregðast við.

Við erum stöðugt að hugsa um framtíðina í samfélaginu okkar og þau verkefni sem takast þarf á við frá degi til dags, sem m.a. birtist í þeim verkefnum sem farið er í á hverjum tíma á vegum sveitarfélagsins, í samstarfi sveitarfélaga og uppbyggingu ríkisins á svæðinu og svo framvegis. Það er erfitt að fara yfir allt það sem við erum að gera í stuttri grein sem þessari, en við munum þó stikla á nokkrum atriðum.

Mikilvægasta sem þarf að huga að eru sterkir innviðir til að vera aðlaðandi sveitarfélag til búsetu. Þar skiptir mestu máli góðir leikskólar, grunnskóli, tónlistarskóli, framhaldsskóli, hjúkrunarheimili, íþróttastaða, sundlaugar, íþróttahús, hafnir svo eitthvað sé nefnt.

Blómlegt lista- og menningarlíf er hverju bæjarfélagi dýrmætt og þar hefur Snæfellsbær stutt vel við með fjárframlögum á hverju ári m.a. með styrkjum til einkaaðila sem eru að vinna frábært starf í þágu menningar og lista, laða sem dæmi að sér innlenda og erlenda listamenn. Einnig má

nefna að vegglistin er orðin ein af helstu kennileitum Hellissands og vekur mikla eftirtekt.

Stuðningur við íþrótt- og tómstundastarf er mikill á hverju ári svo starfsemin geti blómstrað. Við höfum farið í markvissa uppbyggingu á útivistarstígum, byggt gervigrasvöll, styrkt gerð nýs golfvallar, sett upp ný leiksvæði með skemmtilegum leiktækjum og endurnýjað önnur og svona mætti lengi telja. Allt eru þetta atriði sem gera samfélagið okkar fjölskylduvænt og skipta máli þegar fólk velur sér aðlaðandi stað til búsetu.

Mikilvægt að minnast á þann fjölda fyrirtækja sem unga fólk- ið okkar er að reka í dag í bæjarfélaginu, ungt fólk sem fór að heiman að sækja sér menntun, kom tilbaka, stofnaði fyrirtæki eða keypti rekstur sem var fyrir.

Ungt og kraftmikið fólk sem er áberandi í samfélaginu okkar.

Við erum stolt af starfi okkar í umhverfismálum og þar höfum við verið í forystu á landsvísi frá árinu 1999 og m.a. fengið verðlaun fyrir. Við höfum sýnt mikla framsýni á þeim vettvangi og er þetta eitt af stærstu málefnum sem ungt fólk leggur mikla áherslu á í dag, þegar það velur sér búsetu.

Við erum aðilar að öflugum samstarfi EarthCheck og Svæðisgarðsins, mikilvægur þáttur sem hefur sannað gildi sitt og eflt samfélögin á Snæfellsnesi.

Við leggjum mikla áherslu á að þjónusta unga fólk- ið okkar og barnafólk, eftirfarandi er m.a. í boði fyrir þennan hóp:

- Heimageiðslur til foreldra sem eru heima með börn á aldrinum 9-18 mánaða.
- Börn fá inngöngu á leikskólann 12 mánaða gömul ef pláss leyfir.
- Tólmstundastyrkir fyrir börn og unglinga.
- Akstursstyrkir til barna úr dreifbýli í þéttbýli sem vilja stunda íþróttir.

Við veitum 90% afslátt af gatnagerðagjöldum íbúðarhúsnæðis og hugsum það sem hvatningu til nýbyggingar í sveitarfélaginu. Eftir þessa ákvörðun hefur nú þegar verið sótt um lóðir og húsbbyggingar hafnar sem vonandi verður framhald á.

Snæfellsbær er þátttakandi í byggingu 6 nýrra íbúða á Hellissandi ásamt einkafyrirtækjum og er það liður í auka húsnæðisframboð á svæðinu.

Á síðasta ári var opnað fjarvinnusetur með 12 skrifborðum í Röstinni og er þar boðið upp á góða skrifstofuaðstöðu, en í dag starfar fjöldi fólks án staðsetningar og má reikna með að fjarvinna muni aukast í framtíðinni. Starfsaðstaða sem þessi getur auðveldlega skapað ný störf í samfélaginu, fólk hefur tækifæri til að flytja ýmis störf með sér. Aðstöðunni hefur verið vel tekið og nú þegar hefur komið nýtt starf í bæjarfélagið í kjölfar opunarinnar. Bindum við vonir um að þessi aðstaða verði vel nýtt og skapi fólk tækifæri til að vinna sjálfstætt en þó í hópi með öðrum.

Snæfellsbærfór í ljósleiðaravæðingu í dreifbýlinu sem veitir fólk tækifæri til þess að vinna heiman frá sér. Störfum án staðsetningar er að fjölga og því þurfa fjarskiptin að vera góð, næsta áskorun er að ljósleiðaravæða þéttbýlið.

Fjölgun hjúkrunarrýma á Jaðri hefur verið mikið baráttumál og bar það loks árangur á liðnu ári og nú í desember var vígður nýr búsetukjarni fyrir fatlaða einstaklinga í samstarfi við sveitarfélögin á Snæfellsnesi. Hvoru tveggja kallar á fjölgun starfa, starfa sem krefjast menntaðs fólks. Við nýja búsetukjarnann eru stöðugildin 9,5 og sá sem veitir því forstöðu er ungur heimamaður sem sótti sér menntun og kom aftur heim. Er þetta skýr dæmi um aukningu þjónustu við íbúa sveitarfélagsins sem og fjölgun starfa.

Þjóðgarðsmiðstöðin sem nú ris á Hellissandi er dæmi um uppbyggingu sem skilar sér beint og óbeint til ýmissa þjónustuaðila hér í bæjarfélaginu. Þá hefur einnig verið mikil uppbygging í höfnum Snæfellsbæjar.

Fjármunir til slíkra framkvæmda koma ekki af sjálfu sér og þarf mikla vinnu og eftirfylgni af hálfu Snæfellsbæjar til að fá fjármuni til slíkra framkvæmda.

Eins og fram hefur komið höfum við lagt mikla áherslu á umhverfismálin í Snæfellsbæ og þar höfum við lagt okkur fram um að laga og snyrta umhverfið, meðal annars eftir góðum hugmyndum sem hafa komið frá íbúum í gegnum verkefnið „Betri Snæfellsbær“, útbúa áningarstaði, endurnýja götur með malbikun, gróðursett og svo framvegis.

Mikilvægt er að við séum stolt af umhverfi okkar, enda er Snæfellsbæ hrósað fyrir snyrtilegt umhverfi sem er samfélaginu öllu að þakka.

Tjaldsvæðin í Ólafsvík og á Hellissandi hafa verið mikið endurnýjuð og nú síðast með glæsilegri aðstöðu á Hellissandi sem hlotið hefur góðar móttökur. Þegar best hefur verið þá hafa komið yfir 21.000 manns á ári til okkar á tjaldsvæðin. Allt gestir sem hafa þurft á hinni ýmsu þjónustu að halda sem kallar á störf.

Með nýju aðalskipulagi höfum við lagt grunninn að framtíðaruppbyggingu í samfélaginu, uppbyggingu sem m.a. snýr að auknum tækifærum fyrir ný og fjölbreytt störf.

Þann 19. febrúar munu íbúar ganga til kosninga um sameiningu Snæfellsbæjar og Eyja- og Miklaholtshrepps. Er það liður í að styrkja samfélagið í báðum sveitarfélögum. Ef af sameiningu verður, teljum við að þegar fram í sækir muni sameiningin styrkja bæði þéttbýli og dreifbýli. Sameining sveitarfélaga er okkar framtíðarsýn.

Þrátt fyrir allt það sem að ofan er talið er mikilvægt að muna að alltaf er hægt að gera betur.

Bæjarfulltrúar þurfa að hlusta á góðar ábendingar um það sem betur má gera og jafnframt að segja frá því sem vel er gert.

Markmiðið er að samfélagið okkar blómstri og dafni.

Framtíðarsýnin er að tryggja að umhverfið í sveitarfélaginu sé fjölskylduvænt og aðlaðandi til búsetu, þar sem einstaklingurinn getur notið sín í leik og starfi og skapað sín eigin tækifæri.

Framtíðin er björt í Snæfellsbæ

*Björn H. Hilmarsson.
Júníana Björg Óttarsdóttir
Auður Kjartansdóttir
Rögnvaldur Ólafsson*



Tækifærin á sunnanverðu Snæfellsnesi



Nú geta íbúar kosið um sameiningu Snæfellsbæjar og Eyja- og Miklaholtshrepps. Þar með gefst einstakt tækifæri til að efla dreifbýlissamfélagið á sunnanverðu Snæfellsnesi en það er yfirlýstur vilji með þeirri sameiningartillögu sem nú liggur fyrir.

Ég er tilbúin til að taka þátt í þeim breytingum sem þurfa að verða svo við getum sem best grip-ið tækifærin í framtíðinni. Trúi því að sameinuð verðum við enn öfl-ugra samfélag.

Snæfellsnes er að mörgu leiti orðið eitt atvinnu- og þjónustu-svæði. Góð og vaxandi samvinna er um mörg málefni. Það er ekki í boði núna að kjósa um að Snæfells-nes verði eitt stjórnáslusvæði, það tekur lengri tíma að sameina fimm sveitarfélög með mörgum þjón-ustukjörnum og öðrum innviðum.

Staðan í dag í sunnanverðum Snæfellsbæ er þannig að við bú-um við bestu nettengingu sem völ er á. Innviðir eru góðir; grunn- og leikskóli. Við getum tekið á móti nýjum íbúum og skapað fjölbreytt atvinnutækifæri. Það er margt sem vert er að þakka fyrir eins og fjöl-breytt félagslíf og náttúrufergurð sem dregur fólk til sín.

Það eru forréttindi að fá að lifa í þessu landslagi, sólarmegin í líf-inu. Við birtuna sem vaknar á aust-urhimni og hverfur inn í Jökulinn í lok dags. Útsýni til Jökulsins er víst hægt að meta í krónum og aur-um, það er þekkt, en fjallasýnin er fjölbreytt og það er einfald-lega stórkostlega fallett á þessu svæði. Auðlindir okkar Snæfell-inga eru óvenju ríkur náttúru og menningararfur + mannaður til að nýta þessa fjársjóði á sjálfbær-an hátt. Hér er þjóðgarður, tvö friðlönd, náttúruvætti og svæði á náttúruminjaskrá. Snæfellsnes er umhverfisvottað svæði.

Samfélagið verður eins gott og við gerum það og af því að við er-

um svo fá, verður augljóst að það þýðir ekkert að biða eftir því að einhver annar sjái um félagslífið. Mikil gróska hefur verið í form-legum og óformlegum félögum, kórar og söngsveit, leshringur, kven-, búnaðar- og ungmennafé-lög svo eitthvað sé nefnt.

Þau 24 ár sem ég hef búið hér hefur alltaf verið mikið félagslíf, sem er opið öllum þeim sem vilja taka þátt. Þetta er ómetanlegt. Forsendan er fólk sem býr hér, því fólk sem hefur samskipti hvert við annað myndar samfélag. Það sem við veljum að gera og gera ekki hef-ur áhrif og afleiðingar, ekki aðeins fyrir okkur sjálf heldur einnig fyrir aðra sem lifa í samfélagi við okkur.

Það sjónarmið að vilja litlu breyta er skiljanlegt. Ég tel þó að við eigum að hafa áhrif á hvernig samfélagið breytist til að hámarka kostina og lágmarka gallana við að velja sér búsetu einmitt hér. Lík-lega á flest það sem upp er talið um sunnanverðan Snæfellsbæ líka við um Eyja- og Miklaholtshrepp.

Það er ekki bara bændur í sveitum í dag og frá 2016 sjáum við aukningu á því að fólk vilji flytja út á land. Kannski erum við mörg sem getum tekið undir þessi orð “Við trúum á landið, á sveitina þar sem fólkið okkar hefur átt heima í þúsund ár; við trúum á hlutverk sveitanna í íslensku þjóðlífi; við trúum á grænu brekkuna þar sem allífið á heima” (Halldór Laxnes)

Ég mundi gjarnan vilja fá fleiri íbúa á sunnanvert Snæfellsnes. Það er lúxus viðfangsefni, en hér er pláss og tækifærin eru fleiri en svo að við núverandi íbúar getum nýtt þau. Það vantar fleiri íbúðar-hús. Úr því er hægt að bæta.

Matur er okkar mál. Landbúnað-ur, það að lifa með og á landinu. Endalausir möguleikar því fólk vill hollan og góðan mat, framleiddan í sátt við land og þjóð. Við eigum örugglega eftir að sjá aukna rækt-unarmenningu, sem byggir á því góða starfi sem hefur verið unnið.

Mikil uppbygging hefur verið í ferðaþjónustu s.l. ár og hér geta allir fundið gistingu, veitingastaði og upplifun við sitt hæfi. Sunnan-vert Snæfellsnes er “aðal hliðið” að Snæfellsnesi, þar sem flestir gestir koma inn á svæðið. Nú förum við vonandi að losna út úr heimsfar-aldri og gestir fara aftur að streyma á Snæfellsnes. Við verðum að halda áfram góðri heimavinnu og sam-tali svo við getum tekið vel á móti

gestum, byggt upp ferðaþjónustu á forsendum heimamanna og lág-markað neikvæð áhrif.

Heitar laugar, kaldur sjór, öl-kelduvatn opna á tækifæri fyrir heilsurækt og atvinnustarfsemi. Ár, vötn og sjór bjóða upp á veiði og alls konar vatnasport. Hestaferðir á Löngufjörum á bestu reiðleið-um á Íslandi og þó víðar væri leit-að. Við þurfum að vinna áfram í útivistarleiðum, í góðri samvinnu við landeigendur og hagsmunaað-ila. Heita ölkelduvatnið á Lýsuhóli býður upp á alls konar möguleika til heilsutengdrar ferðaþjónustu og framleiðslu á húðvörum svo eitthvað sé nefnt. S.l. ár hefur oft verið talað um möguleikana á Lýðháskóla í Laugargerði þar sem áherslan gæti verið á hesta og umhverfismál. Slíkt yrði atvinnu-skapandi og hefði jákvæð áhrif á félagslíf ungs fólks á svæðinu.

Margt gott hefur verið og er gert á sviði skapandi greina, menning- ingar og lista. Við eigum að halda ótraud áfram. Getum verið stolt af því að Sagnaseiður á Snæfellsnesi (www.peopleoficeland.is) á upp- runa sinn og lögheimili hér. Bara

sagan af Guðríði Þorbjarnardóttur, sem var af sunnanverðu Snæfells-nesi, ætti að geta skapað nokkrum fjölskyldum lífsviðurvari ef rétt er á málum haldið.

Mér finnst að við eigum að halda áfram að vera í fararbroddi á sviði umhverfismála, vinna að hringrásarhagkerfi o.fl.

Störf eru nú auglýst án stað- setningar hjá ríkinu, nema að eðli starfsins krefjist hreinlega ákveðinnar staðsetningar. Við er- um að sjá dæmi þess að fólk kem-ur víða að úr heiminum og velur sér búsetu hér.

Vil að lokum hvetja alla til að nýta kosningaréttinn, núna eins og alltaf því að: “með atkvæðisréttin- um trúir þjóðfélagið einstakling-um fyrir heill sinni og hamingju, felur honum að ráða lögum og lofum þess ytra fyrirkomulags er hann vill lifa í” (Ólafía Jóhanns- dóttir 1896)

Samvinnukveðja

Ragnhildur Sigurðardóttir
Álftavatni

SUMARVINNA

ÓSKUM EFTIR FÓLKI TIL STARFA
VIÐ LEIÐSÖGN Í VATNSHELLI

GÓÐ ÞJÓNUSTULUND ÁSAMT GÓÐRI
ÍSLENSKU- OG ENSKUKUNNAÐU SKILYRÐI.
NÁM SEM NÝTIST Í STARFI ER KOSTUR.

LAUN GREIDD SKV. KJARASAMNING
FÉLAGS LEIÐSÖGUMANNA

NÁNARI UPPLÝSINGAR
ÆGIR ÞÓR - AEGIR@SUMMITGUIDES.IS

Summit
ADVENTURE GUIDES



Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi Snæfellsbæjar

Snæfellsbær óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling í starf íþróttá- og æskulýðsfulltrúa Snæfellsbæjar. Viðkomandi þarf að hafa þekkingu, reynslu og áhuga á íþróttá- og æskulýðsmálum, forvörnum og ungmennastarfi.

Við leitum að aðila með ríka skipulagshæfni og getu til að stjórna ásamt hæfileikum til að miðla upplýsingum á einfaldan hátt.

Við hvetjum alla, óháð kyni, til að sækja um starfið.

Hlutverk og ábyrgðarsvið:

- Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi Snæfellsbæjar hefur yfirumsjón með og ber ábyrgð á íþróttá-, æskulýðs- og tólmstundamálum í Snæfellsbæ
- Hefur umsjón með íþróttamannvirkjum í Snæfellsbæ, sér um starfsmannahald í íþróttahúsi, sundlaug og félagsmiðstöð
- Fjárhagsáætlanagerð og fjárhagsleg umsýsla
- Skipuleggur og heldur utan um hátíðarhöld á vegum Snæfellsbæjar í samvinnu við markaðs- og kynningarfulltrúa
- Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi er starfsmaður íþróttá- og æskulýðsnefndar og ungmennaráðs og situr fundi beggja nefnda
- Stendur einstaka vaktir í íþróttahúsi og sundlaug ef þörf er á

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Æskilegt er að íþróttá- og æskulýðsfulltrúi hafi háskólamenntun sem nýttist í starfi
- Reynsla af sambærilegum verkefnum
- Reynsla af stjórnun verkefna og starfsmannahalds
- Framúrskarandi þjónustulund og samskiptahæfni
- Reynsla og þekking á stjórnsýslu og málefnum sveitarfélaga er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta og tölvufærni
- Frumkvæði og metnaður er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar nk.

Viðkomandi þarf helst að geta hafið störf sem allra fyrst, eigi síðar en 15. maí 2022.

Um er að ræða fullt starf og eru laun greidd skv. gildandi kjarasamningum.

Umsækjendur eru beðnir að senda umsókn á neðangreind netföng. Umsóknum skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Umsækjendur eru beðnir að tilgreina a.m.k. tvo umsagnaraðila í umsókn sinni.

Öllum umsóknum verður svarað. Snæfellsbær áskilur sér rétt til að taka eða hafna öllum umsóknum.

Kristinn Jónsson, bæjarstjóri, kristinn@snb.is
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari, lilja@snb.is

